

Svar

félags- og barnamálaráðherra við fyrirspurn frá Andrésí Inga Jónssyni um ræstingarþjónustu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig er ræstingu sinnt hjá ráðuneytinu og stofnunum þess? Óskað er sundurliðunar eftir stofnunum og að fram komi kostnaður árið 2019 þar sem þjónustan var aðkeypt og meðalfjöldi stöðugilda árið 2019 þar sem ræstingu er sinnt af starfsfólki á launaskrá.*
2. *Á hvaða hátt tryggir verkkaupi að ekki sé um félagsleg undirboð að ræða í þeim tilvikum þegar ræstingu er útvistað?*

Félagsmálaráðuneytið ásamt fleiri ráðuneytum gerði samning í lok árs 2014 við Daga hf. í kjölfar útboðs Ríkiskaupa á ræstingum fyrir húsnæði ráðuneytisins í Skógarhlíð. Öll ræsting er unnin samkvæmt þeim samningi.

Við vinnslu á þessari fyrirspurn var óskað eftir upplýsingum frá stofnunum ráðuneytisins og byggist svarið á þeim upplýsingum. Eftirfarandi tafla sýnir kostnað félagsmálaráðuneytisins ásamt stofnunum sem tilheyra ráðuneytinu vegna þjónustu við ræstingar. Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar er í sama húsnæði og ráðuneytið og kemur því ekki að samningum um ræstingar.

	Kostnaður árið 2019, kr.	Umsjón ræstingar
Félagsmálaráðuneytið	3.279.914	Dagar hf.
Barnaverndarstofa	3.736.302	Hreint ehf.
Fjölmenningarsetur	975.279	Massi þrif ehf.
Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins	5.617.000	Ræsting BT
Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar	471.028	Eru í húsnæði ráðuneytisins
Mannvirkjastofnun/Íbúðalánasjóður	5.591.175	Hreinar línur ehf.
Ríkissáttasemjari	Samkvæmt kjarasamningi	Starfsmaður/ launþegi
Tryggingastofnun ríkisins	8.991.260	Dagar hf.
Umboðsmaður skuldara	2.183.306	Dagar hf.
Úrskurðarnefnd velferðarmála	732.622	Dagar hf.
Vinnueftirlit ríkisins	7.200.000	Ræsting BT
Vinnumálastofnun	21.993.883	Dagar hf.
Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu	2.080.343	Hreint ehf.

Barnaverndarstofa.

Stofnunin er með 1,15 stöðugildi við ræstingar auk aðkeyptrar þjónustu.

Íbúðalánasjóður.

Varðandi skrifstofur sjóðsins á Sauðárkróki eru þrif í höndum einstaklings í verktakavinnu þar sem slík ræstingafyrirtæki eru ekki til staðar.

Ríkissáttasemjari.

Hjá ríkissáttasemjara er ræstingum sinnt af starfsmönnum á launaskrá og greitt eftir kjarasamningi Eflingar – stéttarfélags og fjármála- og efnahagsráðherra. Stöðugildi er eitt.

Vinnueftirlitið.

Prenns konar fyrirkomulag eru á ræstingu húsnæðis Vinnueftirlitsins. Stofnunin hefur samið beint við verktaka um að sinna ræstingu á húsnæði stofnunarinnar í Reykjavík og á Reykjanesi. Þá hefur stofnunin ráðið starfsfólk til að sinna þrifum á starfsstöðvum sínum á Akureyri, Ísafirði og Akranesi en á öðrum stöðum annast rekstrarfélög viðkomandi húsnæðis ræstinguna.

Fjöldi stöðugilda starfsfólks sem sinnti ræstingu hjá Vinnueftirlitinu á sl. ári voru samtals 0,5 á þremur starfsstöðvum stofnunarinnar

Vinnumálastofnun.

Á þremur skrifstofum er þjónustan aðkeypt:

Vinnumálastofnun Reykjavík	13.917.444 kr.
Vinnumálastofnun Suðurlands	1.438.488 kr.
Vinnumálastofnun Suðurnesja	994.535 kr.
Samtals	16.350.467 kr.

Á hinum skrifstofunum fjórum er starfsfólk á launaskrá, eitt stöðugildi á hverjum stað og skiptist með eftirfarandi hætti:

Vinnumálastofnun Vesturlands	829.051 kr.
Fæðingaorlofssjóður Hvammstanga	1.652.718 kr.
Greiðslustofa Skagaströnd	1.722.396 kr.
Vinnumálastofnun Norðurlands eystra	1.439.251 kr.
Samtals	5.643.416 kr.

Gerð er krafa í útboðsskilmálum Ríkiskaupa fyrir ráðuneytið og stofnanir þess um að verksali tryggji að hann greiði starfsfólki sínu laun sem ekki eru undir lágmarkslaunum. Verksali er einnig ábyrgur fyrir því að laun og starfskjör séu í samræmi við gildandi kjarasamninga hverju sinni og aðstæður þeirra séu í samræmi við löggjöf á sviði vinnuverndar. Sé þess óskað ber verksala að leggja fram fullnægjandi gögn því til staðfestingar.